



Stykkishólmssbær  
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 17. mars 2016  
Tilv.: IRR16020237/18.10.9

Með bréfi þessu staðfestir innanríkisráðuneytið siðareglur kjörinna fulltrúa í Stykkishólmssbæ, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem því voru sendar rafrænt þann 22. febrúar 2016. Hjálagt eru siðareglur Stykkishólmssbæjar, staðfestar með stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift.

Ráðuneytið minni á ákvæði 2. mgr. áður nefndrar greinar sveitarstjórnarlagna þar sem kveðið er á um opinbera birtingu siðareglanna á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sambærilegan hátt. Þá telur ráðuneytið rétt að í þeirri birtingu komi fram staðfesting ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hermann Sæmundsson

  
Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest frumrit siðareglan kjörinna fulltrúa í Stykkishólmssbæ.



## Siðareglur kjörinna fulltrúa í Stykkishólmsbæ

1.gr.

*Markmið siðareglnanna*

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Stykkishólmsbæjar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Stykkishólmsbæ.

2.gr.

*Lög og reglur*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Stykkishólmsbæjar sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta hagsmunar sveitarfélagsins og að setja almenna hagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Kjörnir fulltrúar skulu hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði fór við stjórn Stykkishólmsbæjar.

3.gr.

*Ábyrgð og upplýsingar*

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af aluð og samviskusemi fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Stykkishólmsbæjar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins.

4.gr.

*Umboð og háttvísí*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Stykkishólmsbæjar. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Stykkishólmsbæjar virðingu. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn Stykkishólmsbæjar aðhafist nokkuð sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum. Kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísí og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

5.gr.

*Ábyrg meðferð á almannafé*

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.



6.gr.  
*Trúnaður*

Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Stykkishólmsbæjar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að og trúnaður skal vera um.

7.gr.  
*Stöðuveitingar*

Kjörnum fulltrúum ber að tryggja að þegar skipað er í stöður sé einstaklingum ekki veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarféluginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæti þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

8.gr.  
*Hagsmunaárekstrar/Hæfi*

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmunu sinna, eða annarra sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinnungur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Stykkishólmsbæ lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20 .gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

9.gr.  
*Gjafir og friðindi*

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Stykkishólmsbæjar, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, þannig að túlka megi þær sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda/ráða.

10.gr.  
*Umræður og endurskoðun*

Siðareglur þessar skulu tekna til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum.

11.gr.  
*Miðlun siðareglna til starfsmanna og íbúa*

Stykkishólmsbær kynnir siðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Stykkishólmsbæjar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 22.9.2015

